



Fundargerð. *Stjórnarfundur nr. 94.*

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn sem símafundur 8. apríl 2020, kl 16:00. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson, Sveinn Úlfarsson og Snorri Finnlaugsson áheyrnarfulltrúi. Einnig var á fundinum Fannar Viggósson starfsmaður Norðurár bs.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Endurnýjun leigusamnings um land.
3. Fjárhagsyfirlit 2019.
4. Staða og horfur í daglegum rekstri urðunarstaðarins.
 - a. Viðbrögð við Covid 19.
 - b. Magn úrgangs.
 - c. Almennt um rekstur.
5. Starfsleyfisumsókn /frummatsskýrsla (áhættumat).
6. Ákvörðun um aðalfund.
7. Önnur mál.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð stjórnar nr. 93 frá 30. október 2019 samþykkt formlega og athugasemdalaust.

2. Endurnýjun leigusamnings um land

Magnús lagði fram drög að nýjum leigusamningi við landeigendur Sölvabakka, dagsettur 6. apríl 2020. Ætlunin er með þessum nýja samningi að sameina núgildandi samning og þá viðauka sem gerðir hafa verið ásamt þeim viðauka sem er í vinnslu um viðbótar land. Magnúsi og Einari falið að vinna málið áfram í samráði við landeigendur.

3. Fjárhagsyfirlit 2019

Magnús lagði fram og kynnti drög að rekstarreikningi Norðurá bs. vegna ársins 2019. Tekjurnar aukast umtalsvert vegna aukins magns til urðunar sem leiðir til jákvæðrar rekstarniðurstöðu sem betur verður kynnt síðar þegar ársreikningur liggur fyrir.



4. Staða og horfur í daglegum rekstri urðunarstaðarins

a) Viðbrögð við Covid19

Fannar gerðir grein fyrir þeim tilmælum sem bárust frá Umhverfisstofnun 18. mars sl. um breytt verklag á urðunarstöðum í þágu smitvarna vegna COVID-19 en þau eru:

a) Við móttöku úrgangs séu höfð minnstu mögulegu bein samskipti við flutningsaðila. Ef húsnæði er á staðnum eiga flutningsaðilar ekki að koma þar inn, nauðsynleg samskipti geta farið í gegnum síma og ef mögulegt er að afgreiða kvittanir rafrænt, í gegnum lúgu eða á þann hátt að minnst snerting sé milli fólks.

b) Til að tryggja fulla starfsemi á urðunarstaðnum þurfa að vera til staðar a.m.k. tvær vaktir sem hittast ekki. Rekstraraðilar þurfa að tryggja að mannskapur sé til staðar til að manna urðunarstaði komi til forfalla starfsmanna.

c) Huga þarf vel að sóttþreinsun húsnæðis, tækja og fatnaðar, sérstaklega á milli vakta. Leiðbeiningar um smitvarnir við meðhöndlun úrgangs má finna hér.

Fannar gerði grein fyrir þeim aðgerðum sem gerðar hafa verið til að uppfylla kröfur um verklag. Þar berst hæst að búið er að manna og setja upp tvær aðskildar vaktir á staðnum og tryggja þannig að staðurinn lokast ekki þó upp kæmi smit meðal starfsmanna. Aðra liði tilmælanna er einnig búið að uppfylla.

b) Magn úrgangs

Lagt fram yfirlit um urðað magn árið 2019 og skiptingu þess milli flokka. Á árinu 2019 var tekið á móti 26.081 tonni af úrgangi en árið áður var tekið á móti 21.745 tonni.

Heildarúrgangsmagn sem barst til urðunar jókst því um 4.336 tonn. Þar af voru spænicr bútar og kurlað timbur samtals 3.867 tonn sem er skilgreint sem yfirlagsefni fremur en urðað magn. Nokkur breyting varð á samsetningu úrgangs sem barst til urðunar miðað við síðasta ár. Stærstu breyturnar voru að 112% aukning varð í magni húsgagna og grófs timburúrgangs sem jókst 460 tonn og áðurnefnt magn kurlaðs timburs jókst um 2.040 tonn milli ára eða um 112%. Aukning varð í plastefnum sem komu til urðunar eða um tæp 146% og var magn þess tæp 77 tonn. Magn af sláturúrgangi og dýrahraem jókst um 175 tonn eða um 5% og var tæp 3.3.674 tonn. Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum dróst heldur saman og nam 9.300 tonnum og hafði minnkað um 103 tonn eða 1,1% milli ára. Gífurleg aukning varð í efnisflokknum ketilryki og kolasalla frá verksmiðju á Bakka við Húsavík. Þaðan bárust 1.534 tonn og hafði aukist um 1.334 tonn milli ára. Ástæðu þess mátti rekja til bilunar í ofni og ákveðinna byrjunarörðugleika verksmiðjunnar.

c) Almennt um rekstur

Fannar fór yfir reksturinn sem í heild gengur vel þrátt fyrir erfitt tíðarfar í vetur með tilheyrandi ófærð og fjölda daga sem ekki var hægt að urða vegna veðurs. Eins hafa þær breytingar sem gerðar hafa verið vegna Covid faraldursins haft mikil áhrif á allt fyrirkomulag og vinnslu, en framkvæmdin gengur þó vel en frá 23. mars hafa tvær vaktir verið starfandi en aðeins ein á staðnum í einu. Fannar gerði einnig grein fyrir bilunum sem orðið hafa í tækjum en hugsanleg bilun í dælu á troðara er nú í farvegi með Vélfangi þar sem troðarinn er ennþá í ábyrgð.

Magnús gerði grein fyrir samskiptum við Sorpstöð Suðurlands en hann hefur meðal annars rætt við þá um gerð þess úrgangs sem er að berast en hann þykir ansi grófur og erfiður í vinnslu.

5. Starfsleyfisumsókn /frummatsskýrsla (áhættumat)

Frummatsskýrslan sem Verkfræðistofan Efla hefur unnið vegna óska um aukið starfsleyfi ásamt leyfi fyrir brennsluofni fór til Skipulagsstofnunnar 7. apríl sl. Skýrslan var send stjórnarmönnum til yfirlestar og athugasemda um miðjan mars. Ekki komu fram athugasemdir frá stjórnarmönnum á fundinum við Frummatsskýrsluna sem skilað var inn. Skýrslan fer nú í lögbundið auglýsingarferli en gert er ráð fyrir að ferlinu ljúki haustið 2020 og þá vonandi með útgáfu á nýju starfsleyfi. Samþykkt að láta vinna áfram endurgerð deiliskipulags af svæðinu vegna meðal annars staðsetningar á gasblöðru og hugsanlegum brennsluofni fyrir dýrahæ.

6. Ákvörðun um aðalfund

Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu var samþykkt samhljóða að fresta aðalfundi byggðasamlagsins til september 2020.

7. Önnur mál

Fannar ræddi um áhrif aukinnar umferðar nálægt urðunarstaðnum þegar nýr Skagastrandarvegur verður að veruleika. Rætt um hvort hugsanlega gæti þá orðið þörf á að girða staðinn meira af en er í dag. Ákveðið að skoða málið áfram.

Einar E. Einarsson, ritaði fundargerð.

Fundi slitið kl. 17:15

Magnús B. Jónsson

Einar E Einarsson

Sveinn Úlfarsson

Snorri Finnlaugsson

Fannar Viggósson